



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
í hátíðarkvöldverði  
Carls XVI Gustafs Svíakonungs  
Konungshöllinni í Stokkhólmi  
17. janúar 2018**

Yðar hátign, Karl Gústaf, yðar hátign Silvía drottning  
Yðar konunglegu tignir, virðulegu gestir og kæru vinir

Ég færi Yður kveðju frá Íslandi og Íslendingum. Ég þakka Yður og Svíum öllum fyrir þá velvild og gestrisni sem við hjónin höfum notið hér í Svíþjóð ásamt föruneysi okkar. Þótt úthafið skilji okkur að eigum við sameiginlegar rætur og okkur mun ganga betur að glíma við áskoranir samtíma og framtíðar ef við höldum áfram að leita lausna saman.

Í fornum bókum okkar Íslendinga er greint frá sænskum kappi, Garðari Svavarssyni sem hafði fyrstur manna vetursetu á Íslandi ásamt liði sínu. Með honum var Náttfari sem ekki er ljóst hvort var frjálsborinn eða þræll. Hann varð viðskila við Garðar og í kjölfarið fyrsti landnámsmaðurinn að sögn Landnámu, fornrar frásagnar um landnámið og fyrstu sögu Íslands. Þar segir líka ýmsum landnámsmönnum frá Svíþjóð, Ingimundi jarli af Gautlandi, Brúna hinum hvíta, syni Háreks Upplendingajarls, hinum konungborna Birni og ýmsum fleiri.

Yðar hátign! Frá hinu verður þó jafnframt að segja að einn þekktasti Svíi Íslendingasagnanna, sá sem skólabörn heima læra helst um, var draugurinn Glámur sem hetjan Grettir glímdi við og hafði að lokum undir. Æ síðan þjakaði Gretti þó mikil myrkfælni sem olli honum angist og miklum ama. Og hafi Grettir í raun verið til eins og honum er lýst í sögunni verður ekki framhjá því litið að draugurinn var örugglega aðeins til í höfði hans.

Skipta þessar gömlu frásagnir okkar einhverju máli? Þær voru skráðar árhundruðum eftir atburðina sem þær fjalla um, skáldskapur „innan takmarka hins trúlega og sennilega“, eins og norrænufræðingurinn Sigurður Nordal komst að orði snemma á síðustu öld. Þegar sænska ríkið óx og eflidist á síðmiðöldum fannst leiðtogum þess nauðsynlegt að eiga frásagnir af uppruna þess, af fornum hetjum og konungum, afkomendum æsa og Ynglingum, sögur sem hægt væri að nýta til að sameina fólkið undir einum fána í einu ríki. Og þá horfðu lærðir menn hér í Svíaríki til Íslands, rétt eins og þeir dönsku gerðu handan Eyrarsunds. „... [H]inum fræga Snorra Sturlusyni eigum við að þakka fyrstu skímuna í sögu Svíþjóðar,“ sagði Uno von Troil, sem hélt á átjándu öld ungur að árum til Íslands og varð síðar erkibiskup í Uppsölum, mikill menntamaður.

Já, okkur Íslendingum fyrirgefst vonandi þegar við stærum okkur af því að það var heima á Íslandi sem norrænar sögur og frásagnir voru skráðar á skinn, heimildir sem var síðan hægt að nýta við mótun ríkja og sjálfsmyndar annars staðar á Norðurlöndum, enda rötuðu handritin gjarnan þangað, eins og hin mikla Uppsala-Edda er meðal annars til vitnis um. Hana munum við skoða í Uppsölum síðar í þessari heimsókn og þar mun utanríkisráðherra Íslands afhenda menntamálaráðherra Svíþjóðar 400 eintök af nútímalegri og læsilegri heildarútgáfu Íslendingasagna og þátta í nýlegri sænski þýðingu; þakklætisvottur frá Íslendingum fyrir vináttu og samstarf um aldir. Þessar bækur rata svo í bókasöfn og menningarstofnanir og munu vonandi efla áhuga nýrra sænskra lesenda á þessum merkilega menningararfi sem við eigum sameiginlegan.

Yðar hátign: Í þessari ágætu heimsókn og þessu góða boði er mér bæði ljúft og skylt að nefna þann mikla ábata og stuðning sem við Íslendingar höfum lengi haft af vináttu og samskiptum við Svía. Líkt og aðrir höfum við notið góðs af hyggjuviti, tækninýjungum og dugnaði ykkar í aldanna rás. Fyrir tæpri öld flutti Sigurður Nordal, sem ég minntist áðan á, fyrirlestra um norrænan sagnaarf hér í Stokkhólmi og bar ykkur Svíum söguna vel þegar hann kom heim; sagði að auðvitað þyrfti ekki að taka fram hve mikið Íslendingar gætu lært „af hinni auðugu menningu Svía í vísindum, listum, landbúnaði og fleiru.“

Nú á dögum er samstarf við Svía á sviði rannsókna og menntunar okkur Íslendingum ennþá dýrmætt. Þannig vann starfslið Háskóla Íslands að um 200 rannsóknarverkefnum á síðasta ári með starfsfélögum í háskólum hér í Stokkhólmi, Uppsölum, Gautaborg, Lundi og víðar.

Og svo eru það menningaráhrifin. Aftur gefst aðeins tóm til að nefna örfá nöfn, Selmu Lagerlöf sem hreif íslenska höfunda og lesendur eða August Strindberg. Halldór Laxness, eina nóbelskáld okkar Íslendinga, hefur lýst því hvernig hann gleypdi verk hans í sig á almenningsbókasafni í Helsingjaborg. Leyfið mér svo að nefna sérlega ykkar ástkæru Astrid Lindgren með sinn Emil í

Kattholti, Ronju ræningjadóttur og Línu langsokk, fastagesti á heimili okkar hjóna.

„Hann er sterkasti maður í heimi,“ sagði Anna. „Maður, já,“ svaraði Lína, „en ég er sterkasta stelpa í heimi, mundu það.“ Svona fyrirmynd er þakkarverð um okkar daga, freki karlinn átti ekkert í Línu. Jafnframt minnir Astrid Lindgren okkur öll svo vel á mikilvægi samvinnu og sannrar vináttu í hörðum heimi. Þau Ronja ræningjadóttir og Birkir Borkason, börn stríðandi höfðingja, rifust um hníf sem hafði glatast en fannst um síðir:

„Og það var gott að hann fannst aftur, [sagði Birkir:] Hann lá bara undir mosanum og beið meðan við rifumst og þrættum.“

Ronja sat þögul langan tíma, síðan sagði hún:

„Veistu hvað ég er að hugsa um? Ég er að hugsa um hvað það er auðvelt að eyðileggja allt, alveg að ástæðulausu.“

„Héðan í frá skulum við muna eftir því,“ sagði Birkir.

„Það er auðvelt að eyðileggja allt.“ Á Íslandi orti Einar Benediktsson, eitt okkar ættjarðarskálða, um hið langa samviskubit eftir það sem ekki verður aftur tekið: „Hve iðrar margt líf eitt augnakast / sem aldrei verður tekið til baka.“

Yðar hátign: Í heimsókn okkar Elizu munum við kynna okkur sögu og menningu Svíþjóðar en horfa um leið fram á veg, með sjálfbærni og vísindasamstarf í brennidepli. Og ætíð sjáum við það sem við eigum sameiginlegt, íbúar Íslands og Svíþjóðar. Við þurfum að vernda og þekkja okkar norræna menningararf, ekki síst fornar sögur og nýjar. Við þurfum að verja okkar sameiginlegu gildi jafnréttis og velferðar í réttarríki; leyfa þeim að blómstra í heimi fjölbreytni og alþjóðavæðingar. Í nýliðnu nýársávarpi vakti Yðar hátign jafnframt athygli á ógnum loftslagsbreytinga og nauðsyn þess að fylgja þeim línunum sem voru lagðar á leiðtogafundinum í París árið 2015. Þar eigum við svo sannarlega sameiginlega hagsmuni.

Yðar hátign: Milli vina liggja gagnvegir, segir gamalt og gott íslenskt máltæki. Vonandi gefst okkur Elizu tækifæri fljótlega til að endurgjalda hina miklu gistivináttu sem við njótum nú. Ég ítreka þakkir til gestgjafa okkar og óska sænsku þjóðinni velfarnaðar á framtíðarbraut. Ég bið alla viðstadda að rísa úr sætum og lyfta glasi til heiðurs hans hátign, Karli XVI Gustaf konungi.